

Skólanefndarfundur 11. Janúar 2018.

Fundur haldinn í skólanefnd Framhaldsskólans á Laugum á skrifstofu skólameistara 11.janúar 2018. Allir aðakfulltrúar mættir auk skólameistara og áheyrnarfulltrúa kennara Hönnu Sigrúnu Helgadóttur.

1. Skólameistari bauð nefndina velkomna til starfa.
2. Kosning formanns skólanefndar skv. 5.gr. laga nr. 92/2008. Dagbjörn Jónsdóttir kjörinn formaður til eins árs.
3. Ritari skólanefndar, Baldur Daníelsson kjörinn ritari til eins árs.
4. Fréttir frá haustinu 2017. Skólameistari fór yfir fjölda nemenda og eininga á haustönn, Nemendagildi á haustönn voru um 80, nemendafjöldi 85. Skólameistari fór einnig yfir breytingar á starfsmannahaldi.
5. Fjárhagsstaða skólans um áramót og áætlun fyrir 2018. Skólameistari fór yfir fjárhagsstöðuna um áramótin og sagði hann stöðuna góða. Hann fór einnig yfir áætlun um helstu framkvæmdir á árinu 2018. Búið er að skipta um borðplötur í matsal og stefnt er að því að skipta um lyklakerfi. Laga þarf kennaraaðstöðu og innrétta Þróttóloftið.
6. Upphaf vorannar 2018. Fjöldi nemenda á vorönn er 91, þar af um 66 í námi á staðnum, 3 í útibúi á Vopnafirði, 8 í gegnum Fjarmentaskólann, 14 untanskóla eða með tenginar við útibú. Skólameistari fór yfir starfsmannamál á vorönninni. Rætt um fardaga, tónkvíslina og opinn dag sumardaginn fyrsta.
7. Uppgjör mótuneytis. Farið yfir rekstur mótuneytisins í ágúst 2016 – 31. Júlí 2017 og var rekstrarstaða tímabilsins um kr. 700.000,-
8. Fréttir frá skólameistara.
9. Setning fundartíma. Næsti fundur verður miðvikudaginn 14. Mars kl. 15:00.